

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 3. júní 2015  
UST201505-210/B.S.  
10.05.05


### Efni: Framkvæmdaleyfi – prófun á niðurrennslisholum í Kýrdal á Nesjavöllum


Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofan greinda prófun niðurrennslishola.

Orka Náttúrunnar ráðgerir að dæla niður í jarðhitageyminn upphituðu grunnvatni. Niðurdælingin mun einungis fara fram að sumarlagi þega eftirspurn eftir heitu vatni er sem minnst og er ráðgert að tilraunin standi í 2-4 ár. Ráðist er í þessa tilraun til að draga úr varmalosun til yfirborðs. Notaðar verða gamlar vinnsluholur sem borðar voru niður í jarðhitageyminn. Lögn að þessum holum mun nálega hvergi fara um óraskað land. Fram kemur í gögnum ON að fylgst verði með breytingum á efnainnihaldi borholuvökva í nærliggjandi borholum og jafnframt fylgt verklagi varðandi niðurdælingu sem tíðkast hefur við Hellisheiðarvirkjun til að draga úr líkum á að jarðskjálftum í kjölfar niðurdælingar. Ekki er talið að niðurdælingin muni hafa áhrif á grunnvatn.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda tilraun þar sem dælt er niður upphituðu vatni sem líklegast mun ekki hafa neikvæð áhrif á grunnvatn. Umhverfisstofnun telur að ON ætti þó að leita allra leiða til að nýta þetta vatn þannig að orkunni verði ekki sóað þegar eftirspurn eftir neysluvatni er sem minnst.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur